

Borgarstjórn
5. september 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stefnumótun um hjólabrettaiðkun

Borgarstjórn samþykkir að unnin verði stefnumótun um hjólabrettaiðkun í borginni.

Greinagerð:

Ekki er ljóst hver framtíðarstefna Reykjavíkurborgar er varðandi hjólabrettamenningu í borginni. Gagnrýnt hefur verið að hjólabrettaiðkendur séu oft á hrakhólum, vetraraðstaða sé ekki til staðar og þjónusta við hópinn sé ítrekað í formi skammtímalausna.